



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Funaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025.....	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat Guddumóa 2025- 2026	8
5	Innra mat Fögrubrekku 2025- 2026.....	10
6	Innra mat Helgustekks 2025 – 2026	12
7	Umbótaáætlun 2025 – 2026.....	14
8	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.....	15
9	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	16
10	Foreldrasamvinna	16
11	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
12	Fylgiskjöl	17





1 Greinargerð leikskólastjóra

Við erum enn að bíða eftir stækkun leikskólans og nú virðist vera að draga til tíðinda. Það er ráðgert að flytja Funaborgina alla eins og hún leggur sig með mús og mönnum í húsnæðisúrræði í Húsaskóla um miðjan október. Við hvíslum þessu að ykkur hérna, seljum það ekki dýrara en við keyptum það 😊

Við starfsfólkið höfum farið í tvær heimsóknir í Húsaskóla og hitt fyrir þar bæði skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem tóku okkur svo ljómandi vel. Aðstaðan sem við fáum er vel viðunandi og stýrurnar tilbúna í alls kyns spennandi samstarf.

Á þessu skólaári höfum við enn og aftur þurft að nota faliðunarferli, því miður. Frá miðjum mars og til 1. júní hefur hvert barn leikskólans þurft að vera heima einn dag í viku. Foreldrahópurinn hefur verið ótrúlegur nú sem áður og þó svo að þetta sé auðvitað óþolandi ástand hefur hópurinn stutt við okkur og tekið ástandinu af ótrúlegri ró og yfirvegum.

Við höfum haldið áfram með frábæra verkefni okkar „Gríptu tækifærið“ og reynt að halda inni öllum þáttum þess þrátt fyrir manneklu. Elstu börnin hafa farið einu sinni í mánuði núna annað árið í röð í Fríðuhús og sungið fyrir eldri borgara og ég hef laumað mér með og lýg engu um það þegar ég segi að þessar stundir hafi verið eðalstundirnar í starfi mínu þennan veturinn.

Næsta skólaár hjá okkur Funaborgurum verður nýttur til þess að aðlagast nýjum aðstæðum og færa skólabrag Funaborgar yfir í Húsaskóla. Við þurfum að máta hefðir okkar að nýjum stað, kannski þurfum við að breyta hefðum, kannski falla einhverjar hefðir niður og aðrar verða til. Við munum nýta þessa óumflýjanlegu flutninga og breytingar sem tækifæri til að upplifa ný ævintýri og skapa nýjar hefðir. Við tökum þessari stóru áskorum með sól í hjarta og söng á vörum (rétt eins og skátarnir).

Í Funaborg trúum við því að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfið sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptarmynstrum.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Lögð hefur verið áhersla á að byggja um markvisst innra mat í leikskólanum, þar sem tækifæri gefst að þjálfa starfsfólk í að ígrunda og sníða mat á starfi deildarinnar.

Ytra mat var gert á upplifun foreldra á skipulagi, starfi og viðmóti starfsfólks í leikskólanum. Þátttaka foreldra var góð og ríkir almenn ánægja á skipulagi, starfi og viðmóti starfsfólks í leikskólanum.

Innra mat

Hvað var metið?	Fastir fundir á mánudögum (stjórafundir, deildarfundir)
Hvernig fór matið fram?	Óformleg umræða um tímasetningu og tímalengd funda
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendahópur: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, þrír deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	- Allir voru sammála um mikilvægi þess að fundir séu haldnir reglulega þrátt fyrir erfiðar aðstæður sem skapast í leikskólanum. Stjórnendafundir styrkja okkur sem stjórnendur leikskóla og þetta kemur helst fram í samvinnu við að finna lausnir að verkefnum sem eru krefjandi og erfitt. Deildarstjórar eru sammála um að kostir við að hafa deildarfundir reglulega séu tækifærin sem gefast til að deila mikilvægum upplýsingum til starfsfólks deildarinnar og einnig til að ræða um málefni deildarinnar. - Tímasetning stjórnendafunda var góð þar sem hann var haldinn snemma á mánudagsmorgni og var því einnig undirbúningur fyrir vikuna. Það hjálpaði okkur að skipuleggja vel dagana sem voru fram undan og deila verkefnum á milli fólks/deilda. - Vegna faliðunnar sem hafði áhrif á starfsemi leikskólans var ákveðið að aðeins einn stjórafundur og einn deildarfundur voru haldnir á mánudegi. Deildafundir hinna deildanna voru settir á þriðjudag og miðvikudag. Var þetta gert með tilliti til skipulags á deildum og með fjölda barna og starfsmanna í huga. Það gekk mjög vel að halda utan um fundina og þeir voru haldnir nokkuð reglulega.





Hvað var metið?	Snerpusamtöl deildarstjóra við starfsmenn deilda
Hvernig fór matið fram?	Mat fór ekki fram.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendahópur: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, þrír deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vegna fáliðunnar var ekki rými til að halda snerpúsamtöl með deildarstjórum en allir eru sammála um að þessi samtöl eru nauðsynleg og þau verða sett aftur í starfsáætlun á þessu skólaári.

Ytra mat

Hvað var metið?	Skipulag leikskólastarfs, funda og miðlun upplýsinga
Hvernig fór matið fram?	Könnun var send foreldra/ forsjáraðila
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar/Forsjáraðilar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þátttaka foreldra /forsjáraðila í könnunni var góð og niðurstöður sýna að foreldrar voru flestir ánægðir með málefni á fundinum og skipulag. Einnig voru þeir ánægðir með tímann sem fundinum var valinn var sem var kvöld á virkum degi. Veitingar voru á fundinum og foreldrar spurðir út í hvort það hefði áhrif á mætingu á fundinn. Í svari kemur fram að veitingar hafa ekki mikil áhrif á það hvort mætt sé eður ekki á fundinn. En samt sem áður var ánægja með veitingarnar.





Hvað var metið?		Stjórnun, samskipti og starfsumhverfi
Hvernig fór matið fram?		Könnun á vegum Gallup var send á vinnutölvupóstfang starfsmanna
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)		Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)		Þátttaka starfsmanna í könnunni var góð. Það voru 15 starfsmenn sem svöruðu henni af þeim 19 sem voru fastráðnir á þessum tíma í leikskólanum. Niðurstöður sýndu að fjórir af fimm hæstu einkunnunum tengjast stjórnun leikskólans, starfsmönnum líður almennt vel í Funaborg og upplifa sig geta leitað til næsta yfirmanns. Einnig kemur fram að starfsmenn upplifa að tækifæri sé til endurmenntunar. Þegar kemur að lægstu einkunnum könnunarinnar bendir fólk oft á starfsmannaaðstæður en þær tengjast húsnæði leikskólans eins og hljóðvist, matar – og kaffiaðstaða. Stefnt er að því að bæta úr allri starfsmannaaðstöðu með nýju húsi sem er til framkvæmdar á næstunni. Starfsmenn eru almennt óánægðir með launakjör sín í starfi.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Í umræðu á stjórnendafundum kom í ljós að þekking stjórnenda og starfsfólks á hlutverkum og skyldum í starfi er ólík og það skapi misskilning og ósamræmi í vinnubrögðum. Mikilvægt sé að bæta úr upplýsingaflæði á hlutverki og skyldum stjórnenda og allir hafi vitneskju um hver þau séu.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Skilgreina hlutverk stjórnenda og verkefnaskyldur þeirra.
Umbótaþáttur/matsþáttur stjórnun	Skriflegar lýsingar eru gerðar á hlutverki og verkefnaskyldu leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, verkefnastjóra og deildarstjóra.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Markmiðið er að til sé skrifleg útlistun á hlutverki og skyldum stjórnenda og það sé aðgengilegt starfsfólki leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Rýnt verður í starfslýsingu stjórnenda samkvæmt kjarasamningum og umræða og samantekt gerð á hlutverki hvers og eins.
Ábyrgð	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í haust 2025 en áætluð lok í vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Einu sinni í mánuði á skipulögðum stjórnendafundi verður farið yfir eitt stjórnendahlutverk hverju sinni. Rýnt verður í starfslýsingar starfsmannafélaga og unnið út frá því. Símat stjórnendahópsins
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að stjórnendur og starfsfólk hafi vitneskju um hlutverk og skyldur stjórnenda og hafi aðgang að skriflegri útlistun hlutverka.



4 Innra mat Guddumóa 2025- 2026

Áherslur í starfi Guddumóa eru margþættar. Þar sem elstu börn leikskólans eru í Guddumóa er ríkari áhersla lögð á félagasamskipti og víkka sjóndeildarhring þeirra út fyrir vegg leikskólans.

Fyrir næsta skólaár verður metið áhugasvið barnanna og óskir þeirra í leik og starfi? Upplifun starfsfólks og barna á frekara útinámi og ferðum í nærumhverfi Húsaskóla?

Styrkleikar í Guddumóa: Félagsfærni, vinátta og útinám

Í leikskólanum læra börnin í leik og í samveru að vinna saman, leysa ágreining og sýna umhyggju. Við styðjum félagsfærni barnanna með því að gefa þeim tækifæri (grípa ekki of fljótt inn í, en vera til staðar) til að æfa sig í samskiptum.

Í hópavinnu höfum við talað um vináttu, lesið sögu um vináttu og notast við Blæ (Blær er vináttuverkefni Barnaheilla og eru forvarnir gegn einelti). Tvisvar yfir skóla önnina í október og í maí teiknuðu börnin mynd eftir fyrirmælunum "Ég og vinir mínir. Þetta verkefni gefur okkur góða innsýn um upplifun barna um vináttu, líðan þeirra og möguleika á að vinna með niðurstöðurnar áfram.

Í framhaldi af vináttuverkefnunum okkar bjuggu nokkrar stelpur til spil um vináttu. Þær teiknuðu fígúrus sem hægt að para saman í nokkurs konar samstæðuspili. Þær sögðu stoltar að þetta væri spil um vináttu.



var

Í vetur var einnig unnið með Lubba, þar sem samverustundir hafa verið nýttar í innlögn á hljóðum vikulega. Lesnar voru sögur úr bókinni „Lubbi finnur málbein“, spilað og notast við verkefni úr hljóðasmiðjunni.

Útinám er hluti af daglegu námi leikskólabarna. Með því að læra og leika úti uppgötva börn umhverfið í gegnum hreyfingu, skynjun, forvitni og samveru. Í vetur höfum við farið út fyrir leikskólalóðina til að finna góðar greinar til að tálga. Náttúru bingóið er vinsælt og það er

spilað/leikið vetur, sumar, vor og haust. Í leik með náttúrubingó gefst tækifæri á að upplifa muninn milli árstíða.

Þegar snjórinn mætti í vetur nýttum við hann og fórum út með málningu og máluðum. Við í

Guddumóa erum mjög heppin með umhverfið í kringum deildina, skógarhúsið er í ævintýraskógi eins og við köllum það, þar sem stutt er í skemmtilega náttúru. Þar læra börnin af raunverulegum aðstæðum, hreyfifærni eykst og tengsl við náttúruna.



Tækifæri í Guddumóa: Félagsfærni, vinátta og útinámi

Félagsfærni og vinátta er alltaf það sem reynist best að efla hjá elstu börnunum. Við munum áfram leitast við að styrkja þessa þætti hjá börnunum með leiðum sem hafa virkað og með nýjum leiðum og hugmyndum sem fæðast í barnahóp næsta árs.

Eitt að okkar markmiðum fyrir næsta skólaár er að vinna markvisst með Lubba og koma á Lubbastundir þar sem börnunum verður skipt í smærri hópa á deildinni.

Með breyttum aðstæðum í Húsaskóla og takmörkuðu útisvæði á skólalóð ætlum við að nýta tækifærið og efla útinám með skipulögðum ferðum um svæði í nærumhverfi skólans.

5 Innra mat Fögrubrekku 2025- 2026.

Lögð hefur verið mikil áhersla á sjálfstæði á Fögrubrekku. Okkur langar að auka sjálfstæði þeirra í matmálstímum og verður því matið okkar við næsta skólaár að meta sjálfstæði barna í matmálstímum. Starfsmenn deildarinnar muna í sameiningu útlista allt það sem hægt er að gera til þess að auka sjálfstæði þeirra í matmálstímum og nota það sem leiðarvísir í að efla börnin.

Styrkleikar á Fögrubrekku: Sjálfstæði, sjálfshjálp, félagsfærni og málörvun

Á Fögrubrekku nýtum við öll þau tækifæri sem gefast í leik og daglegum samskiptum til málörvunar, setjum orð á hluti, athafnir og tilfinningar, lærum ný orð og hugtök. Allar aðstæður eru tækifæri til náms. Fastir punktar í daglegu starfi eru nýttir í málörvun og sjálfshjálp með það markmið að börnin auki trú á eigin getu. t.d. í matartíma, fataklefa, bleyjuskriptum.

Máltíðir eru fjórar á dag og þar æfa börnin sig alla daga að drekka úr opnum glösum, borða með hnífapörum og skammta sér sjálf. Þau læra að segja hvað þau vilja og ganga frá eftir matinn. Elstu börnin leggja á borð fyrir hádegismatinn.

Börnin öðlast mikið sjálfstæði og sjálfstraust við að fá að gera sjálf. Að sulla úr glasinu og missa mat á borðið eða gólfíð er partur af lærdómsferlinu og þau læra fljótt að mistök eru í lagi, við þurrkum þetta upp saman og höldum áfram að borða og njóta.

Við bleyjuskripti læra börnin að toga sjálf niður buxurnar, halda peysunni uppi, henda bleyjunni í ruslatunnuna, klifra upp á skiptiborðið, þvo hendur með sápu, þurrka hendur og hengja upp handklæðið. Þetta lærist mjög hægt og rólega, með aðstoð, yfir skólaönnina.

Í fataklefanum notum við alls konar skemmtilega leiki, aðferðir og hrós til að koma okkur öllum í viðeigandi útifatnað hverju sinni. Leikurinn „hvar eru sokkarnir þínir?“ heldur áfram að gleðja og verða til þess að skálmur á útigöllum eru togaðar alla leið á sinn stað. Frasinn „Ég gastidda!“ verður vonandi áfram mest notaði fataklefafrasinn hjá börnunum á Fögrubrekku.



Samverustundir eru alla morgna. Þar læra börnin ný lög, nöfn hvors annars og markvisst er unnið með Lubba og málbeinin hans. Við lærum nýtt hljóð á 1-2 vikna fresti og lögin sem fylgja hljóðunum fara í lagapoka sem sungið er upp úr áfram út önnina. Þegar börn byrja í leikskóla er oft mikið um stórar tilfinningar sem oft á tíðum er erfitt að stjórna. Þess er gætt að börnin hafi rými til þess að tjá tilfinningar sínar, læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.

Yngstu börn leikskólans eru mjög sjálflæg í hugsun og því fer mikill tími í að æfa sig bæði að setja sín eigin mörk og læra að virða mörk jafningja. Frasarnir byrja einfaldir hjá þeim allra yngstu; „stopp“ og „nei“ eru mikið notuð í byrjun en seinna fer svo að heyrast „má ég prófa þegar þú ert búinn“ og „ekki gera þetta“ þegar þau ná betri tökum á tungumálinu.

Tækifæri Fögrubrekku

Næsta skólaár höldum við áfram með áherslu á málörvun og að styrkja sjálfstæði, sjálfshjálp og félagsfærni með nýjan hóp af börnum og vonandi verðum við líka á glænýjum stað. Einnig ætlum við að gefa Lubba meira rými með markvissum Lubbastundum, þar sem öll börn fara í smærri hópa og læra um hljóðin.

Við munum leitast við að nota áfram gamlar aðferðir sem hafa virkað og bæta við nýjum sem henta ef til vill betur nýjum barnahóp.

Starfsmenn og börn munu aðlagast nýjum aðstæðum og læra á nýtt umhverfi. Einnig munum við stækka litla Funaborgar samfélagið okkar og vinna með eldri börnum í Húsaskóla. Áfram verður gefin góður tími í frjálsan leik og gaman verður að sjá hvaða nýju hugmyndir að leik koma upp í nýju rými á nýjum stað. Tækifærin til að vaxa og þroskast verða mörg og framundan eru mjög spennandi tímar.



6 Innra mat Helgustekks 2025 – 2026.

Á þessu skólaári var sérstök áhersla lögð á söng og tónlist í starfinu okkar, þar sem við lærðum mikið af nýjum lögum og völdum okkur lög sem eru upplögð til að efla þátttöku þeirra og hreyfifærni.

Næsta vetur ætlum við að meta þátttöku barna í söngstundum með umræðu á deildarfundum og myndaskráningum.

Styrkleikar á Helgustekk: Tónlist, sjálfstæði barna, hreyfing.

Á Helgustekk er lögð rík áhersla á að efla sjálfstæði barna og hvetja börn til virkrar þátttöku og frumkvæðis með tónlist og hreyfingu.

Tónlist er órjúfanlegur þáttur í leikskólastarfinu. Tónlist hefur jákvæð áhrif á málþroska, fínhyrfifærni, félags- og tilfinningaþroska, auk hugrænnar getu. Tónlist stuðlar einnig að aukinni sköpunargáfu og eykur áhuga barna á námi.



Í daglegu starfi okkar er tónlist nýtt markvisst, til dæmis í samverustundum þar sem börnin taka virkan þátt í hringleikjum og söng. Eitt barn velur poka með myndskreyttum lagatextum, sem eykur áhuga og þátttöku allra barna. Lifandi tónlist, líkt og undirleikur á gítar, eykur enn frekar ánægju og virkni í hópnum.

Hreyfing er samþætt öllu starfi dagsins og fer fram bæði innandyra og utandyra. Alla daga er farið út tvisvar á dag, ef veður leyfir – jafnt að vetri sem að sumri.

Í skipulögðum stundum gefst börnunum einnig tækifæri til að stunda dans og jóga, sem eflir líkamsvitund og vellíðan. Á föstudögum er boðið upp á Funafjör, sem er fastur liður í vikulegri dagskrá og vekur mikla eftirvæntingu meðal barna. Þar sameinast skemmtilegur dans og söngur í gleðistund.

Eitt af markmiðum deildarinnar okkar er að auka getu barna til sjálfshjálpar. Börnin eru hvött til að gera sjálf, reyna tvisvar og fá svo aðstoð ef þarf og á það við um fataklefa, matmálstíma,

leikstundir og salernisferðir. Við fylgjumst með framförum þeirra og sjáum að það eykur sjálfstraust þeirra að geta gert sjálf.

Allir starfsmenn Helgustekks þekkja og nýta námsefnið Lubbi finnur málbein. Unnið er með eitt máhljóð í senn, sem kynnt er inn á tveggja vikna fresti. Markmiðið er að efla málvitund og tjáningu barnanna í gegnum leik og daglegt samtal.

Lestur er stór hluti af hópastarfi okkar. Við lesum fyrir börnin oft á dag, bæði í skipulögðum stundum og einnig í yndislestri, bæði til að örva tungumál og til að rækta áhuga þeirra á bókmenntum. Markmiðið er að barnið læri að njóta bóka, og að orðaforði þess, málskilningur og áhugi á lestri styrkist strax frá ungum aldri.

Tækifæri Helgustekks

Starfsfólk á Helgustekk mun áfram leggja áherslu á sjálfshjálp og málörvun barnanna. Þetta eru mikilvægir þættir í því að byggja upp sjálfstraust þeirra barna sem eru að byrja leikskólagöngu sína. Hreyfing og tónlist mun áfram vera stór hluti af daglegu lífi okkar í leikskólanum.

Með frekari málörvun verður lögð ríkari áhersla á hljóðþjálfun í gegnum Lubba, þar sem markmiðið er að skipta börnum í smærri hópa og hafa markvissar og skipulagðar Lubbastundir.





7 Umbótaáætlun 2025 – 2026

Í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár er lögð áhersla á að bæta markvissar stundir í málhljóðainnlögn í smærri hópum á öllum deildum.

Deild/aldur barna	Allar deildar
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skipulögð og markviss málhljóðainnlögn með „Lubbi finnur málbein“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að skipta börnum deildarinnar í smærri hópa og hafa markvissar og skipulagðar stundir með málhljóðainnlögn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk skipta börnum deildarinnar í smærri hópa og setja upp skipulagðar stundir með málhljóðainnlögn sem öll börn fara í vikulega.
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 - apríl 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Tíðni hópastarfs með hljóðainnlögn á hverri deild? Upplifun barna á Lubbastundum?





8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026

- **Starfsþróunarsamtöl** - áætluð í febrúar til apríl og eru á milli leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra og starfsmanns.
- **Snerpusamtöl** deildarstjóri við starfsmenn deilda. Þau verða tvö á ári: haust og vor.
- **Dagur Leikskólans 2026** - verður haldinn 6. febrúar 2026. Starfsfólk Funaborgar tekur þátt í Ráðstefnu "Leikur og samskipti, hjartað í námi barna".
- **Íslenska fyrir erlenda starfsmenn** á vegum Reykjavíkurborgar. Tveir starfsmenn fara einu sinni í viku á íslenskunámskeið. Þar er æft að skrifa íslensku og lærðar íslenskar málfarsreglur.
- **Háskóli Íslands, Meistaránám MA, Alþjóðlegt nám í menntunnafræði.** Einn starfsmaður stefnir að því að klára námið sitt og skrifar lokaverkefnið.
- **Fræðsla/Námskeið** fyrir starfsfólk um að bættan starfsmannanda á vinnustað. Starfsmannasáttmálinn Sóley og Sísí frá Reykjavíkurborg verða með fræðslu á starfsdegi 2. október.
- **Fræðsla** um breytingar á starfsumhverfi og flutningar. Markmiði með fræðslunni er að hún hjálpi öllum að aðlagast þeim breytingum og áskorunum sem verða á okkar leið á næstunni og hjálpi fólk að taka á móti breytingum með jákvæðni.
- **Fræðsla** fyrir sérkennslu aðila sem starfa í leikskólanum.





9 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Hamraskóli og Foldaskóli hafa báðir verið samstarfsskólar Funaborgar og það hefur farið eftir nemendafjölda í hvorn skóla, hvort það er sem verður fyrir valinu. Foldaskóli verður samtarfs skólinn okkar næsta skólaár. Þá verður samstarf við frístundarheimilið Regnbogaland. Dagskráin er ekki tilbúin, kemur frá Foldaskóla haust 2025.

10 Foreldrasamvinna

Foreldrafundur verður haldinn að kveldi í enda október - húsnaði valið síðar. Samtal milli foreldra og deildastjóra eru tvisvar sinnum yfir skólaárið og foreldrar velja hvort þeim hentar betur símtal eða samtal í húsi. Bæði er hægt að óska eftir samtölum á öðrum tímum og einnig að sérkennslustjóri sitji samtal.

Aðra foreldrasamvinnu, foreldraráð, foreldrafélag, foreldrakaffi, sveitaferðir og fleira má lesa um í námskrá Funaborgar. <https://reykjavik.is/funaborg>

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólar Reykjavíkur eiga sex starfsdaga á ári, þrír af þeim eru sameiginlegir með grunnskólum og dagsetningar hinna þriggja er ákvörðun stjórnunarteymis leikskólans.

Skipulagsdagar í Funaborg:

- 02. október 2025 (sameiginlegur með grunnskólum)
- 28. nóvember 2025 (sameiginlegur með grunnskólum)
- 05. Janúar 2026
- 06. Febrúar 2026 (sameiginlegur með grunnskólum)
- 17. apríl 2026
- 08. maí 2026

Leikskóladagatal er tilbúið og má finna sem fylgiskjal við setjum þó fyrirvara um að dagsetningar og viðburðir geti breytst vegna flutninga leikskólans.





12 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans

Agnes 9 júlí '15
Leikskólastjóri Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026 Leikskólinn Funaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bára Kolbrún Gylfadóttir
Sif Jónsdóttir
Ólöf Eiríksdóttir
Una Rúnarsdóttir
Tinna Rut Þóroddsdóttir
Helena Marta Stefánsdóttir
Jón Gunnar Gunnarsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já. Augljóst er út frá verkefnum sem hafa verið til sýnis yfir veturinn að unnið er eftir þeim markmiðum sem farið var yfir í síðustu starfsáætlun, einnig er það ljóst út frá því sem börnin tjá sig um heima fyrir.

Í Funaborg er gert ráð fyrir að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfið sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptarmynstrum. Þetta er gott viðhorf til barna enda felur það í sér virðingu gagnvart börnum og þess hugarfars hjá starfsfólki að vera ávallt með það í huga að kenna börnum nýja færni þegar við á.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já mjög skýr og þægileg aflestrar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Já, í henni kemur m.a. skýrt fram hverjar séu áherslur og markmið í vinnu með börnunum á hverri deild, einnig kemur fram að starfsfólk er ánægt með stjórnun skólans sem gott er að sjá, þó þessar niðurstöður komi ekki á óvart.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Nei alls engar.





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

